

Reykjavík, 19. október 2018
R18100295
HBL/bþ

Borgarráð

Fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um innheimtu Strætó á húsaleigu

Á fundi borgarstjórnar þann 16. október 2018 var svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands vísað til meðferðar borgarráðs:

Þegar Strætó bs. gerist milligönguaðili um innheimtu húsaleigu, fær Strætó þá einhverja þóknun fyrir það, í þessu tilfelli frá Elju starfsmannaleigu? Var ákvæði í ráðningasamningum vagnstjóra um að Strætó bs. mætti innheimta leigu fyrir þriðja aðila af launum þeirra sem störfuðu hjá Strætó bs? Óskað er eftir heildaryfirliti greiðslna Strætó bs. til Elju starfsmannaleigu, annars vegar vegna ráðninga á erlendum vagnstjórum og hins vegar vegna upphæða sem Strætó bs. hefur innheimt af vagnstjórum vegna leigu og annars kostnaðar.

Helga Björk Laxdal
e.u.